

Norska húsið
- Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla

Ársskýrsla fyrir árið 2020



Safnstjóri: Hjördís Pálsdóttir

Efnisyfirlit

Starfsmannamál.....	2
Opnunartími.....	2
Gestafjöldi.....	3
Styrkir árið 2020.....	3
Sýningar	4
Viðburðir.....	5
Krambúð.....	7
Eftirlit Safnaráðs.....	7
Covid-19.....	7

Starfsmannamál.

Guðrún Elena Magnúsdóttir og Renata Sena voru sumarstarfsmenn safnsins frá 22. maí til enda ágúst. Einnig unnu Sigurður Grétar Jónasson og Filip Polach á safninu um sumarið.

Á þjóðbúningahátíðinni stóð Kvenfélagið Hringurinn í Stykkishólmi vaktina í kaffiboðinu.

Sigurlína Sigurbjörnsdóttir starfaði í 50% stöðu við skráningarmál í geymslu safnsins. Sigurður Grétar Jónasson sinnti tilfallandi verkefnum í safninu í tengslum við sýningar og viðburði. Einnig vann hann á safninu um sumarið.

Frá 1. september var ráðinn starfsmaður í 50% stöðu í fjóra mánuði vegna átaksverkefni í skráningu í opinni safngeymslu. En fyrir því fékkst styrkur frá Safnaráði, var það Þórunn Sigþórsdóttir sem vann þá vinnu.

Vert er að taka fram að starfsmenn Þjónustumiðstöðvar Stykkishólmsbæjar taka að sér ýmis verkefni fyrir safnið, ber þar að nefna gluggaþvott, flutninga, málningarvinnu og ýmislegt tilfallandi.

Opnunartími.

Sumaropnun safnsins hófst 30. maí og stóð til 31. ágúst, opið var daglega frá kl. 11-17.

Opnunartímar utan sumaropnunar árið 2020 voru eftirfarandi:

- Janúar – mars: þri-fös kl. 13-16.
- Frá 23. mars fram til maí var safnið lokað vegna covid 19.
- Frá september fram til október voru allir þrír starfsmennirnir með covid-19.
- Desember opnun var frá 1. - 23. desember, opið var daglega frá kl. 11-17. Opið öll föstudagskvöld frá kl. 20-22.

Gestafjöldi.

Sumaropnun júní - ágúst: 3203

Aðventuopnun í desember: 359

Aðrir gestir: 695

Gestafjöldi alls: 4257

Tæplega helmingur borgaði sig inn til að fara að skoða 2. og 3. hæð safnins, ókeypis aðgangur var að breytilegum sýningum.

Aðgangseyrir: 1350 kr. fyrir fullorðna.

1150 kr. fyrir hópa fleiri en 10 (frítt fyrir skólahópa).

900 kr. fyrir aldraða og öryrkja.

Frítt fyrir 18 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.

Safnapassi 2750 kr.

Styrkir árið 2020.

Uppbyggingasjóður Vesturlands 2020	
Jólasýning - jólavættir	150,000
Skotthúfan	200,000
Ný grunnsýning Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla 1. hluti	500,000
Frá mótun til muna	150,000

Samtals: 1.000.000 kr

Safnaráð 2020	
Skotthúfan	700,000
Öndvegisstyrkur- ný grunnsýning	2,000,000
Viðbrögð við eftirliti Safnaráðs	660,000
Skráning safnmuna	1,400,000
Landfestar við Silfurgarð / Áttundi áratugurinn í Flatey	500,000
Aukaúthlutun v. Covid - átaksverkefni í skráning	1,200,000
Aukaúthlutun í lok árs	300,000

Samtals: 6.760.000 kr.

Lista og menningarsjóður STH 2020	
Hrekkjavökuhátíð	100,000
Landfestar við Silfurgarð / Áttundi áratugurinn í Flatey	100,000
Jólasýning - jólavættir	100,000
Skotthúfan	150,000

Samtals: 450.000 kr.

Heildarupphæð styrkja: 8.210.000 kr.

Sýningar.



24 dagar til jóla – jólagjafir: Jólasýning safnsins sem sett var upp fyrir jólin 2019 fékk að standa lengur. Jólaskrautið var tekið burtu en leikföngin og spjöldin fengu að standa fram að vori.

Frá mótun til muna: Opnaði 30. maí. Þar voru sýnd verk átta leirlistamanna sem sérhæfa sig í brennslu keramíks með lifandi eldi. Listaverkin báru mark náttúrunnar því ásamt eldinum eiga vindurinn, rakinn og hitastigið þátt í sköpuninni. Listamaðurinn er því ekki allsráðandi í ferlinu

heldur þátttakandi í samvinnu með alheiminum.

Er líða fer að jólum: Sýning um jólahald og jólahefðir opnaði 21. nóvember. Þar var meðal annars fjallað um jólartré, jóladagatöl, jólaljós, aðventuljós, jólasveina og fleira.



Viðburðir.

6. janúar: Draugasögur á þrettándanum.

Ísland í gamla daga í meðförum Bjarkar Bjarnadóttur, umhverfis-þjóðfræðings og sagnakonu.

Björk Bjarnadóttir hefur sérhæft sig í fornri þekkingu á náttúrunni og að segja íslenskar þjóðsögur fyrir unga jafnt sem gamla. Hin forna náttúru þekking býr t.d. í íslensku þjóðsögunum, þjóðtrúnni norænu goðafræðinni og Íslendingasögunum.

Þemað þann 6. janúar var Ísland í gamla daga en hvað eru þessir gömlu dagar? Eru þeir tíminn þegar amma og afi voru lítil? Eru þeir tíminn þegar landnámsmennirnir mættu til landsins eða allt þar á milli? Björk ákvað að dýfa sér í ofan í þá gömlu daga þegar ýmsar sögur voru sagðar af huldufólki og álfum sem og tröllum. Þjóðsögurnar sem hún sagði frá voru skráðar niður á miðhluta 19. aldar og komu út á árunum 1862-1864. Björk fjallaði um eðli og einkenni hinna íslensku drauga og segja nokkrar íslenskar draugasögur. Gestir voru hvattir til að mæta og endilega deila þeim draugasögum sem þeim hafa verið sagðar.

Verkefnið var hluti af stærra verkefni sem nefnist Fyrirlestraröð fyrir börn og ungmenni.

16. - 26. maí: Haldinn flóamarkaður á safninu.

4. júlí: Skotthúfan.

Verkefnið var unnið í samstarfi við Önnu Melsteð og Ingibjörgu Ágústsdóttur.

Vegleg dagskrá var í boði að vanda sem hljóðaði svo:

Í FÓTSPOR FJALLKONU

Anna Melsteð segir sögu sem hefst í gömlu kirkjunni í Stykkishólmi og endar á fjallgöngu á fellið helga í Helgafellssveit við fótskör Guðrúnar Ósvífursdóttur.

HELGIGRIPUR EÐA VEISLUKLÆÐI?

Anna Karen Unnsteinsdóttir

DANSINN OG BÚNINGARNIR

Atli Freyr Hjaltason

BÚNINGASKART

Júlía Þrastardóttir gullsmíðameistari

MYNDATAKA

Myndataka við Norska húsið kl. 15:00

KAFFIBOÐ Í BETRI STOFUNNI

Gestum í þjóðbúningum er boðið upp á kaffi og rjómapönnukökur að hætti kvenfélagskvenna í Stykkishólmi.

DANSVINNUSTOFA

Sporin kennd, æfð og stigin fyrir kvöldið.

DANSINN STIGINN

Atli Freyr, Eydís Gauja, Elizabeth Katrín og Hrefna stýra balli í Eldfjallasafninu.

25. júlí: Raku brennsla

Brennuvargar voru með brennslugjörning á torginu við Norska húsið.

Brennuvargar er félag leirlistamanna sem sérhæfa sig í brennslu keramiks með lifandi eldi. Á gjörningnum var brennt í Rakúofni sem kynntur er með gasi og gafst gestum kostur á að sjá með eigin augum hvað gerist þegar glóandi listaverkin eru tekin úr ofninum. Í tilefni Skeljahátíðar voru brennd lítil verk í skeljaformi og voru þau til sölu til styrktar félaginu.

Verk Brennuvarga voru til sýnis í Norska húsinu ásamt sýningu heimildarmyndarinnar „Frá mótun til muna“ þar sem fylgst er með mismunandi aðferðum í brennslu keramiks með lifandi eldi.

Félagar Brennuvarga eru:

Þórdís Sigfúsdóttir

Steinunn Aldís Helgadóttir

Ólöf Sæmundsdóttir

Katrín V. Karlsdóttir

Ingibjörg Klemenz

Hrönn Waltersdóttir

Hólmfríður Vídalín Arngrímsdóttir

Hafdís Brands

Guðbjörg Björnsdóttir



21. nóvember: Jólaopnun hófst. Út nóvember var opið virka daga frá kl. 13-16 og um helgar frá kl. 13-15. Frá 1. des. - 22. des frá kl. 11-17. Þann 11. og 18. desember var jólamarkaður kl. 20-22. Á Þorláksmessu var opið frá kl. 11-22.

Krambúð.

Í krambúðinni fæst fjölbreytt úrval íslensks handverks. Bæði frá heimamönnum sem og öðrum íslenskum hönnuðum. Svipað fyrirkomulag er á rekstri búðarinnar og hefur verið, sumt er keypt inn, annað er í umboðssölu. Það er mikil gróska í íslensku handverki og safnstjóri leggur sig fram við að fylgjast með og fara meðal annars á *Handverk og Hönnun* markaðinn sem er haldinn einu sinni til tvisvar á ári í Ráðhúsi Reykjavíkur. En vissulega fór lítið fyrir svoleiðis árið 2020.

Lagður er metnaður í að velja söluvöru sem hæfir safninu og fyrir ýmsa viburði líkt og Danska daga, 17. júní og jólaopnun eru sérstakar söluvörur sem hæfa tilefninu. Krambúðin tekur líka þátt í góðgerða verkefnum sem og sölu á jólakúlum til styrktar Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra.

Þann 1. desember opnaði Krambúðin vefverslun þar sem hægt að nálgast allt vöruúrvalið.

Eftirlit Safnaráðs.

Eins og fram kom í ársskýrslu 2018 og 2019 var gert eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum. Þetta eftirlit fer fram á nokkurra ára fresti og er framkvæmt af eftirlitsnefnd safnaráðs. Er því framfylgt á þann hátt að viðurkennd söfn skila eftirlitseyðublöðum safna, fá í kjölfarið matsskýrslu frá eftirlitsnefnd safnaráðs og að lokum með heimsókn eftirlitsnefndar á staðinn. Er þessi hluti eftirlitsins þróaður í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, höfuðsafn á sviði menningarminja og hófst þessi hluti eftirlitsins árið 2016. Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla skilaði inn eftirlitseyðublöðum vorið 2018 sem unnin voru af Hjördísi Pálsdóttur og Sigurlínu Sigurbjörnsdóttur. Var meðal annars stótt um styrk til Safnaráðs vegna matsins til að bæta geymslu.

Covid - 19.

Eins og hjá flestum hafið heimsfaraldurinn mikil áhrif á safnið. Gestum fækkaði um 1200 á milli ára 2019 og 2020. Á meðan covid – 19 stóð sem hæst var innri starfsemi safnsins með óbreyttu sniði og starfsfólk vann að undirbúningi sýninga og viðburða, svara erindum, skrá safnmuni og að fleiri tilfallandi verkefni. Einnig var unnið að því að setja eldri sýningar inn og veffinn. Jafnframt var unnið að gerða vefverslunnar fyrir Krambúðina.